# Skólanámskrá

# 2024-2025

HOLTASKÓLI

## II. hluti

## Nám og kennsla

## 5. bekkur

**Umsjónarkennarar:**

Ari Lár Valsson

Elínborg Herbertsdóttir

# Efnisyfirlit

Bakgrunnsupplýsingar....3
Aðrir kennarar....3
Viðmiðunarstundaskrá....3
Skimanir....3
Námsmat....4
Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi....4
Enska....5
Íslenska....7
Listgreinar - Sjónlist....10
Náttúrugreinar....11
Samfélagsgreinar....14
Skólaíþróttir....17
Stærðfræði....20
Upplýsinga – og tæknimennt....23
Verkgreinar – Heimilisfræði....25
Verkgreinar - Textílmennt....27
Verkgreinar - Hönnun og smíði....28

## Bakgrunnsupplýsingar

Umsjónarkennarar 5. bekkjar eru Ari Lár Valsson og Elínborg Herbertsdóttir. Stuðningsfulltrúar eru Þórunn Kolbrún Árnadóttir og Jóhanna Ósk Gunnarsdóttir. Nemendur eru 42 talsins og fá alls 35 kennslustundir á viku.

## Aðrir kennarar

- Íþróttir - Einar G. Einarsson og Bjarki Már Árnason
- Sund - Bergþór Magnússon og Einar G. Einarsson
- List- og verkgreinar – Erla Dröfn Vilbergsdóttir, Íris Dögg Steinsdóttir, Jana María Guðmundsdóttir og Thelma Björk Jóhannesdóttir

## Viðmiðunarstundaskrá

- Íslenska – 7 kennslustundir
- Stærðfræði – 6 kennslustundir
- Íþróttir og sund – 3 kennslustundir
- List- og verkgreinar – 4 kennslustundir
- Náttúrufræði – 3 kennslustundir
- Samfélagsfræði og lífsleikni – 5 kennslustundir
- Upplýsinga- og tæknimennt – 2 kennslustund
- Smiðja – 2 kennslustundir

## Skimanir

- Lesfimi er lögð fyrir í september, janúar og maí. Viðmið Menntamálastofnunar um orðafjölda í lok 5. bekkjar eru:

| Viðmið 1 – 90% nemenda | Viðmið 2 – 50% nemenda | Viðmið 3 – 25% nemenda |
|---|---|---|
| 90 orð á mínútu | 140 orð á mínútu | 160 orð á mínútu |

- Orðarún er lög fyrir í nóvember og mars.

## Námsmat

Upplýsingar um námsmat í Holtaskóla má finna í bæklingi á heimasíðu skólans. Slóðin er: https://issuu.com/holtaskoli/docs/kynningarb_klingur_fyrir_a_standendur_og_nemendur.

## Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi

Forvarnir og fræðsla fer fram í öllum árgöngum og er unnin upp úr skýrslu UNESCO, International technical guidance on sexuality education. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast. Áherslur 5. bekkjar eru fjölskyldur – ólíkar fjölskyldugerðir, vinir og vinátta, sjálfsmyndin og ég, mörkin okkar, umburðarlyndi og virðing, örugg notkun upplýsinga og kynbundið ofbeldi.

Bekkur: 5. bekkur
Kennari: Ari Lár Valsson og Elinborg Sigurjónsdóttir
Nemendur: 42 nemendur
Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku

## Enska

| Lota | Skólaviðmið | Námsefni | Námsleiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| Lesskilningur, stutt ritun og hlustun | • Hlustað eftir einstökum atriðum og brugðist við með orðum eða athöfnum.<br>• Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.<br>• Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit.<br>• Samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín.<br>• Skrifað mismunandi textagerðir með stuðningi.<br>• Nýtt sér algengustu hjálpartæki.<br>• Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni sem tengist viðfangsefnum námsins.<br>• Unnið sjálfstætt og borið ábyrgð í eigin námi.<br>• Beytt lykilnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumáli<br>• Taka leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt | Yes we can 5 - Workbook og textbook. | Hlustun.<br>Lestur.<br>Samræður.<br>Hópavinna.<br>Verkefnavinna.<br>Ritun.<br>Einstaklingsvinna. | Verkefnamappa.<br>Lesskilningsverkefni.<br>Stutt ritun.<br>Sjálfsmat.<br>Kannanir. |
| Áhugamál | • Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.<br>• Skrifað mismunandi textagerðir með stuðningi.<br>• Tekið þátt í samvinnu og sýnt öðrum tillitssemi.<br>• Fylgt þræði á efni og sagt frá eða unnið úr því að annan hátt. | Spjaldtölva.<br>Bíómynd. | Hópavinna.<br>Framsagnarþjálfun.<br>Ritun.<br>Lestur.<br>Hlustun. | Framsagnarverkefni sem nemendur vinna saman í hóp.<br>Samanburður á milli jólahefðir landa. |
| Málfræði | • Notað óákveðinn greinir rétt í texta.<br>• Þekkir algeng ensk spurnarorð og getur notað þau rétt í texta.<br>• Gert grein fyrir eintölu og fleirtölu nafnorða.<br>• Notað have og has rétt í texta.<br>• Þekkir persónufornöfnin og getur notað þau í texta. | Enskar málfræðiæfingar A.<br>Yes we can 5 - Workbook og textbook. | Verkefnavinna.<br>Hópavinna. | Stuttar kannanir í lok kafla. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | • Notað samsetta nútíð í texta.<br>• Notað there is og there are rétt í texta.<br>• Þekkir algengar enskar forsetningar og getur notað þær rétt í texta.<br>• Þekkir eignarfornöfnin og getur notað þau í texta.<br>• Greint tíma á ensku.<br>• Þekkir rétta mynd af sögninni be. | | | |
| Námshæfni | • Tekið þátt í samvinnu og sýnt öðrum tillitsemi.<br>• Nýtt sér algengustu hjálpartæki.<br>• Beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningamati. | | | |
| Lykilhæfni | • Tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt<br>• Unnið sjálfstætt og borið ábyrgð á eigin námi<br>• Sýnt vönduð vinnubrögð. | | | |

Bekkur: 5.bekkur
Kennari: Ari Lár Valsson og Elínborg Herbertsdóttir
Nemendur: 42 nemendur
Tímafjöldi: 7 kennslustundir

## Íslenska

| Lota | Skólaviðmið | Námsefni | Námsleiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| Lesskilningur | • Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi.<br>• Greint og fjallað um aðalatriði í texta.<br>• Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.<br>• Hlustað af athygli, skilið það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.<br>• Lesið úr einföldum myndrænum upplýsingum og túlkað þær. | Heimalestur.<br>Orðspor 1.<br>Fyrsti smellur.<br>Nestislestur<br>Námsbækur | Hlustun.<br>Lestur.<br>Verkefnavinna.<br>Samræður. | Lesskilningspróf.<br>Orðarún – mat á lesskilningi.<br>Lesfimipróf. |
| Ritun | • Skrifað læsilega.<br>• Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar.<br>• Þekkt hugtökin upphaf, miðja og endir í ritun.<br>• Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun.<br>• Beitt -n og -nn reglunni rétt í texta.<br>• Valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni.<br>• Lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundar skrifar og nýtt það við eigin ritun.<br>• Veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.<br>• Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu. | Skrift.<br>Didda og dauði kötturinn.<br>Orðspor 1<br>Google Chrome | Hlustun.<br>Lestur.<br>Ritun<br>Einstaklingsvinna<br>Hópavinna | Stutt ritum.<br>Bókmenntaritgerð.<br>Símat.<br>Stutt ritun.<br>Leiðsagnarmat. |
| Málfræði | • Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.<br>• Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, nafnorð og lýsingarorð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.<br>• Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði.<br>• Notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðamyndum, tal og ritun. | Málrækt.<br>Orðspor 1<br>Námsbækur<br>Fyrsti smellur | Lestur.<br>Hlustun.<br>Verkefnavinna. | Þjálfunarlota.<br>Könnun. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | • Notað orðabók og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta.<br>• Nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og nota þau í texta.<br>• Nýtt sér kunnáttu og færni í að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.<br>• Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.<br>• Raðað orðum í stafrófsröð.<br>• Gert grein fyrir samsettum orðum.<br>• Gert grein fyrir andheitum og samheitum.<br>• Gert grein fyrir nafnorðum í texta.<br>• Sagt til um kyn nafnorða.<br>• Gert grein fyrir tölu nafnorða.<br>• Bætt greini við nafnorð.<br>• Fallbeygt nafnorð í eintölu og fleirtölu.<br>• Greint nafnorð í sérnöfn og samnöfn.<br>• Gert grein fyrir lýsingarorðum texta.<br>• Stigbreytt lýsingarorð.<br>• Gert grein fyrir sagnorðum í texta.<br>• Gert grein fyrir nafnhætti sagna.<br>• Gert grein fyrir tíð sagna. | | | |
| Framsögn | • Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.<br>• Tekið þátt í samræðum og rökræðum.<br>• Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda.<br>• Nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt. | Upplýsingaöflun.<br>Orðspor. | Hlustun.<br>Upplestur.<br>Framsagnarþjálfun.<br>Ritun.<br>Samræður.<br>Hópvinna. | Kynning.<br>Sjálfsmat.<br>Jafningjamat. |
| Bókmenntir og ljóð | • Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum.<br>• Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, líkingar og boðskap.<br>• Notað ríkulegan orðaforða. | Málrækt.<br>Ljóðspor.<br>Didda og dauði kötturinn.<br>Ýmiskonar ljósrit | Hlustun.<br>Lestur.<br>Verkefnavinna<br>Samræður | Þjálfunarlota |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | • Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.<br>• Greint frá bókmenntahugtökum, s.s. tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap. | Dægurlagatextar | | |
| Lykilhæfni | • Tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt.<br>• Sýnt virkni, þrautseigju og ábyrgð.<br>• Unnið í samstarfi við aðra.<br>• Sýnt vönduð vinnubrögð og haldið utan um námsgögn. | Didda og dauði kötturinn<br>Stílabækur<br>Vinnubækur | Fyrirmyndarverkefni<br>Hópavinna<br>Námsfélagar | Leiðsagnarmat<br>Sjálfsmat<br>Jafningjamat |

Bekkur: 5. bekkur
Kennari: Thelma Björk Jóhannesdóttir
Nemendur: 42 nemendur
Tímafjöldi: 2 stundir á viku í hálfan vetur

## Listgreinar - Sjónlist

| Lota | Skólaviðmið | Námsefni | Námsleiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| | • Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.<br>• Beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir. | Kennsluefni af vefnum.<br>Efni frá kennara.<br>Myndmennt I | Sýnikennsla<br>Umræður<br>Innlagnir<br>Einstaklingsvinna | Einstaklingsverkefni. Leiðsögn fer fram jafnt og þétt í kennslustund. |
| | • Tekið tillit til annarra og sýnt frumkvæði.<br>• Tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun.<br>• Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar. | Bækur<br>Kennsluefni af vefnum<br>Efni frá kennara | Sýnikennsla<br>Umræður<br>Innlagnir<br>Einstaklingsvinna<br>Sjálfstæð vinnubrögð | Einstaklingsverkefni. Leiðsögn fer fram jafnt og þétt í kennslustund. |
| Lykilhæfni | • Lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna á skapandi hátt. | | | |

Bekkur: 5. bekkur
Kennari: Ari Lár Valsson og Elínborg Herbertsdóttir
Nemendur: 42
Tímafjöldi: 3

## Náttúrugreinar

| Lota | Skólaviðmið | Námsefni | Námsleiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| 5.b.<br>Sumar | • Lesið og skrifað hugtök í náttúrugreinum.<br>• Farið eftir einföldum skriflegum leiðbeiningum.<br>• Farið eftir einföldum munnlegum leiðbeiningum.<br>• Lýst einkennum plantna og dýra og stöðu þeirra í náttúrunni.<br>• Geta útskýrt sumar með afstöðu sólar og jarðar í huga. | Ýmiskonar efni frá kennara. | Umræður.<br>Athuganir/rannsóknir.<br>Læra að koma þekkingu frá sér á blað. | Verkefni unnin í hefti (bók) sem nemendur búa til.<br>Símat. |
| 5.b. Lota 2.<br>Haust | • Lesið og skrifað hugtök í náttúrugreinum.<br>• Farið eftir einföldum skriflegum leiðbeiningum.<br>• Farið eftir einföldum munnlegum leiðbeiningum.<br>• Prófa vindmælingar með einföldu áhaldi og geta sagt til um vindátt.<br>• Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir.<br>• Unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi.<br>• Geta útskýrt haust með afstöðu sólar og jarðar í huga.<br>• Átti sig á muninum á hreinu og menguðu vatni. | Ýmiskonar efni frá kennara. | Umræður.<br>Athuganir/rannsóknir.<br>Læra að koma þekkingu frá sér á blað. | Verkefni unnin í hefti (bók) sem nemendur búa til.<br>Símat. |
| 5.b. Lota 3.<br>Tækni og nýsköpun. | • Vinna í hópi eftir skipulagi við að hanna hlut sem tengist einföldum vélum.<br>• Unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi.<br>• Gert sér grein fyrir hvernig ólík hæfni nýtist í starfi í dag. | Náttúrulega 1 – Tækni og nýsköpun.<br>Ýmiskonar efni frá kennara. | Lestur.<br>Umræður.<br>Athuganir/rannsóknir.<br>Vinnubókarvinna. | Vinna í vinnubók.<br>Skilaverkefni í hóp. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | • Komið með hugmyndir um hvernig tækni og vísindi hafa breytt lífi okkar.<br>• Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir.<br>• Áttað sig á hvernig tækninotkun hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra.<br>• Áttað sig á hvað þekktar tækninýjungar og vísinda uppgötvanir eru. | | | |
| 5.b. Lota 4.<br>Vetur | • Lesið og skrifað hugtök í náttúrugreinum.<br>• Farið eftir einföldum skriflegum leiðbeiningum.<br>• Farið eftir einföldum munnlegum leiðbeiningum.<br>• Prófa vindmælingar með einföldu áhaldi og geta sagt til um vindátt.<br>• Geta útskýrt hvers vegna skiptist á dagur og nótt.<br>• Geta útskýrt vetur með afstöðu sólar og jarðar í huga.<br>• Unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi. | Ýmiskonar efni frá kennara. | Lestur.<br>Umræður.<br>Athuganir/rannsóknir. | Verkefni unnin í hefti (bók) sem nemendur búa til.<br>Símat. |
| 5.b. Lota 5.<br>Kynþroskafræðsla<br>6. vika 2024 | • Lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur.<br>• Gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna. | Efni frá kennara.<br>Ljósrit úr Náttúrulega 3 | Umræður. | Þátttaka í kennslustundum. |
| 5.b. Lota 6.<br>Vor | • Lesið og skrifað hugtök í náttúrugreinum.<br>• Tekið þátt í umræðum um flugvallarsvæðið og áhrif þess á umhverfið okkar.<br>• Lýst áhrifum flugvallarsvæðisins á heimabyggð og hver áhrif þess getur verið í framtíðinni.<br>• Geta útskýrt vor með afstöðu sólar og jarðar í huga.<br>• Lýst hvaða áhrif lífverur hafa á umhverfi sitt.<br>• Lýst einkennum plantna og dýra og stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt.<br>• Gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það. | Ýmiskonar efni frá kennara. | Lestur.<br>Umræður.<br>Athuganir/rannsóknir. | Verkefni unnin í hefti (bók) sem nemendur búa til.<br>Símat. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | • Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hægt sé að nýta þá í námi. | | | |
| 5.b. Lota 7.<br>Það skiptast á skin og skúrir. | • Gert sér grein fyrir mikilvægi gagna og líkana við að útskýra hluti og fyrirbæri<br>• Lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum.<br>• Lýst veðri í heimabyggð og loftslagi á Íslandi.<br>• Gert grein fyrir og nefnt dæmi um efnabreytingar og hamskipti. | NÁTTÚRULEGA 1:<br>Þar skiptast á skin og skúrir. | Lestur.<br>Umræður.<br>Verkefnavinna. | Prófaverkefni með gögnum. |

Bekkur: 5. bekkur
Kennari: Ari Lár Valsson og Elínborg Herbertsdóttir
Nemendur: 42 nemendur
Tímafjöldi: 6

## Samfélagsgreinar

| Lota | Skólaviðmið | Námsefni | Námsleiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| Landafræði | • Gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu landsins.<br>• Greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf. (Didda)<br>• Notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga.<br>• Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.<br>• Tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.<br>• Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra. | Ísland – Hér búum við<br>Didda og dauði kötturinn | Lestur<br>Hlustun<br>Einstaklingsverkefni<br>Umræður<br>Hópavinna | Hópaverkefni |
| Víkingaöld | • Notað mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni.<br>• Rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu.<br>• Metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð.<br>• Velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótast af, svo sem umhverfi, samfélagsskipulagi og þjóðfélagshreyfingum.<br>• Lýst einkennum og þróun íslensks þjóðfélags og tekið dæmi um mikilvæga áhrifaþætti.<br>• Greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum. | Víkingaöld.<br>Orðspor 1<br>Ýmsir ljósritaðir textar | Lestur<br>Hlustun<br>Einstaklingsverkefni<br>Hópaverkefni | Þemaverkefni. |
| Kristin trú | • Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum.<br>• Skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa fyrr og nú**.**<br>• Lýst margbreytileika **helstu?** trúarbragða, lífsviðhorfum og áhrifum þess á líf fólks. | Kristin trú. | Umræður<br>Hlustun<br>Lestur<br>Hópavinna | Helgileikur. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | • Rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs.<br>• Gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni.<br>• Nefnt dæmi um áhrif helgirita helstu trúarbragða á menningu og samfélög.<br>• Borið kennsl á trúarlegar vísanir og tjáningu í listum og bókmenntum.<br>• Borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.<br>• Metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt.<br>• Rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga. | | | |
| Lífsleikni | • Gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra.<br>• Nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt áhrif staðalímynda.<br>• Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt.<br>• Gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu.<br>• Sýnt fram á skilning á kostnaði eigin neyslu og sé læs á þau áhrif sem ýmis tilboð og auglýsingar hafa eigin neyslu og á samfélagið.<br>• Tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt. | Ýmis námsgögn.<br>Klípusögur.<br>Veraldarvefurinn.<br>Myndbönd. | Lesa.<br>Hlusta.<br>Samræður. | Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. |
| Verkfærakistan | • Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.<br>• Rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga.<br>• Rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum.<br>• Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.<br>• Metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt.<br>• Tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra. | Kvan – verkfærakistan. | Lesa.<br>Hlusta.<br>Samræður.<br>Bekkjarfundir.<br>Lýðræðisfundir.<br>Leikir | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | • Sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.<br>• Rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.<br>• Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.<br>• Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess. | | | |
| Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi | • Forvarnir og fræðsla fer fram í öllum árgöngum og er unnin upp úr skýrslu UNESCO, International technical guidance on sexuality education. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast. Áherslur 5. bekkjar eru fjölskyldur – ólíkar fjölskyldugerðir, vinir og vinátta, sjálfsmyndin og ég, mörkin okkar, umburðarlyndi og virðing, örugg notkun upplýsinga og kynbundið ofbeldi. | | | |

Bekkur: 5. Bekkur
Kennari: Einar Einarsson, Bergþór Magnússon og Bjarki Már Árnason.
Nemendur: 42
Tímafjöldi: 3

## Skólaíþróttir

| Lota | Skólaviðmið | Námsefni | Námsleiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| Íþróttalota | • Gert æfingar sem reyna á lofthäð og loftfirrt þol.<br>• Sýnt og framkvæmt styrktar æfingar sem reyna á hámarksgetu og úthald í kyrrstöðu og hreyfingu.<br>• Tekið þátt í hópíþróttum, einstaklingsíþróttum og heilsurækt innan skólans.<br>• Nýtt sér stöðluð próf til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu.<br>• Skilið mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann og skilið mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsaga, sjálfstæðra vinnubragða, samvinnu og tillitssemi í tengslum við góðan árangur í íþróttum.<br>• Þekkt mismunandi tegundir leikreglna, farið eftir þeim og sýnt háttvísi í leik, bæði í hóp og einstaklingsíþróttum.<br>• Tekið þátt í leikjum af margvíslegu tagi. Gert liðleikaæfingar sem reyna á hreyfivídd og hreyfigetu.<br>• Rökrætt kyn-og staðalímyndir, afleiðingar eineltis og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi.<br>• Skýrt helstu áhrif hreyfingar á líkamlega og andlega líðan og mikilvægi góðrar næringar fyrir vöxt og viðhald líkamans.<br>• Rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði bæði sínu eigin og annarra.<br>• Útskýrt þjálfunaraðferðir og notað hugtök sem tengjast sundiðkun.<br>• Vitað hvaða hlutverk helstu vöðvahópar líkamans hafa í tengslum við þjálfun líkamans. | Íþróttahúsið og þau áhöld sem þar eru.<br>Útisvæði við íþróttahúsið. | Sýnikennsla.<br>Umræður.<br>Innlagnir.<br>Verklegar æfingar.<br>Hópvinna.<br>Einstaklingsvinna.<br>Sjálfstæð vinnubrögð. | Verkleg próf.<br>Leiðsagnarmat jafnt og þétt. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | • Sett sér skammtíma- og langtímamarkmið í íþróttum og heilsurækt, gert og framkvæmt eigin þjálfunaráætlun á grundvelli niðurstaðna prófa.<br>• Sótt og nýtt sér upplýsingar við alhliða heilsurækt og mat á eigin heilsu.<br>• Notað mælingar með mismunandi mælinákvæmni við mat á afkastagetu.<br>• Sýnt ábyrgð í útivist. Skýrt tákn korta, tekið stefnu með áttavita og ratað um landsvæði eftir korti. | | | |
| Sundlota | • Gert æfingar sem reyna á lofthað og loftfirrt þol.<br>• Tekið þátt í hópíþróttum, einstaklingsíþróttum og heilsurækt innan skólans.<br>• Nýtt sér stöðluð próf til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu.<br>• Skilið mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann og skilið mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsaga, sjálfstæðra vinnubragða, samvinnu og tillitssemi í tengslum við góðan árangur í íþróttum.<br>• Þekkt mismunandi tegundir leikreglna, farið eftir þeim og sýnt háttvísi í leik, bæði í hóp og einstaklingsíþrótt.<br>• Rökrætt kyn-og staðalímyndir, afleiðingar eineltis og tekið virkan þátt.<br>• Skýrt helstu áhrif hreyfingar á líkamlega og andlega líðan og mikilvægi góðrar næringar fyrir vöxt og viðhald líkamans. Taka afstöðu gegn ofbeldi.<br>• Rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði bæði sínu eigin og annarra.<br>• Útskýrt þjálfunaraðferðir og notað hugtök sem tengjast sundiðkun og ýmsum íþróttum.<br>• Vitað hvaða hlutverk helstu vöðvahópar líkamans hafa í tengslum við þjálfun líkamans.<br>• Sett sér skammtíma- og langtímamarkmið í íþróttum og heilsurækt, gert og framkvæmt eigin þjálfunaráætlun á grundvelli niðurstaðna prófa.<br>• Sótt og nýtt sér upplýsingar við alhliða heilsurækt og mat á eigin heilsu.<br>• Notað mælingar með mismunandi mælinákvæmni við mat á afkastagetu. | Sundlaugin og þau áhöld sem þar eru. | Sýnikennsla.<br>Umræður.<br>Innlagnir.<br>Verklegar æfingar.<br>Hópvinna.<br>Einstaklingsvinna.<br>Sjálfstæð vinnubrögð. | Verkleg próf.<br>Leiðsagnarmat jafnt og þétt. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | • Tekið þátt í leikjum af margvíslegu tagi.<br>• Tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengnisreglna og brugðist við óvæntum aðstæðum. Framkvæmt og útskýrt helstu atriði skyndihjálpar, endurlífgunar og björgunar úr vatni og notkun björgunaráhalda.<br>• Synt 100 metra þolsund á tíma.<br>• 25 metra skriðsund á tíma.<br>• 25 metra bringusund á tíma.<br>• Kafsund eftir hlut á botni laugar.<br>• 25 metra skriðsund, stílsund.<br>• Stunga af bakka.<br>• 25 metra baksund, stílsund.<br>• 25 metra skólabaksund, stilsund.<br>• 25 metra fatasund. | | | |
| Lykilhæfni | • Gert sér grein fyrir hvað ætlast er til af nemanda og hagar námi eftir því.<br>• Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum.<br>• Unnið með öðrum. | | | |

Bekkur: 5.bekkur
Kennari: Ari Lár Valsson og Elínborg Herbertsdóttir
Nemendur: 42 nemendur
Tímafjöldi: 7

## Stærðfræði

| Lota | Skólaviðmið | Námsefni | Námsleiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| Heilar tölur | • Útskýrt sætiskerfið.<br>• Raðað tölum eftir stærð.<br>• Áætlað svar og leyst dæmi í huganum.<br>• Sett upp dæmi og reiknað með samlagningu.<br>• Sett upp dæmi og reiknað með frádrætti.<br>• Reiknað með margföldun.<br>• Reiknað með deilingu.<br>• Lagt saman og dregið frá með negatífum tölum.<br>• Staðsett negatífar tölur á talnalínu. | Stika 1a:<br>Nemendabók og æfingahefti.<br>Ýmiskonar ljósrit | Einstaklingsvinna<br>Verkefnavinna<br>Hugtakavinna | Yfirlitspróf.<br>Hópverkefni<br>Símat |
| Tölfræði | • Unnið með einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.<br>• Metið líkur við mismunandi aðstæður.<br>• Reiknað út líkur út frá einföldum tilraunum.<br>• Raðað og flokkað upplýsingar og kynnt þær með myndritum.<br>• Notað úrtak úr safni til að segja til um samsetningu þess.<br>• Lýst helstu niðurstöðum gagna með miðgildi og tíðasta gildi<br>• Unnið í samvinnu við aðra.<br>• Tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt.<br>• Undirbúið og flutt kynningu á eigin vinnu. | Stika 1a:<br>Nemendabók og æfingahefti.<br>Spjaldtölva.<br>Vasareiknir. | Einstaklingsvinna<br>Hópavinna<br>Verkefnavinna<br>Hugtakavinna<br>Tilraun. | Hópverkefni þar sem nemendur gera tilraun og birta þær á veggspjaldi og kynna niðurstöður sínar fyrir samnemendum og kennara.<br>Sjálfsmat.<br>Jafningjamat. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Tugabrot | • Útskýrt sætiskerfið.<br>• Námundað tölur að næsta tug og hundraði.<br>• Námundað og notað slumpreikning.<br>• Lýst tengslum milli tíundu hluta sem tugabrota og sem almennra brota.<br>• Leyst samlagningardæmi með tugabrotum.<br>• Leyst frádráttardæmi með tugabrotum.<br>• Staðsett tugabrot á talnalínu. | Stika 1a:<br>Nemendabók og æfingahefti. | Einstaklingsvinna.<br>Verkefnavinna.<br>Hugtakavinna. | Yfirlitspróf. |
| Rúmfræði | • Lýst eiginleikum og einkennum tvívíðra forma.<br>• Gert grein fyrir heiti tvívíðra forma.<br>• Kannað hvað er líkt og ólíkt með mismunandi formum.<br>• Notað gráðuboga til að mæla horn.<br>• Gert grein fyrir tegundum horna.<br>• Hliðrað, speglað og snúið myndum. | Stika 1a:<br>Nemendabók og æfingahefti.<br>Spjaldtölva.<br>Vasareiknir.<br>Gráðubogi. | Einstaklingsvinna.<br>Hópavinna.<br>Verkefnavinna.<br>Hugtakavinna.<br>Tilraun. | Hópverkefni þar sem nemendur útbúa upplýsinga veggspjald með formum og hornum.<br>Sjálfsmat.<br>Jafningjamat.<br>Yfirlitspróf. |
| Almenn brot | • Fundið hve stór hluti er af heild.<br>• Lagt saman með samnefndum brotum.<br>• Dregið frá með samnefndum brotum.<br>• Fundið jafnstór brot með mismunandi nefnara. | Stika 1b:<br>Nemendabók og æfingahefti. | Einstaklingsvinna.<br>Verkefnavinna.<br>Hugtakavinna. | Yfirlitspróf. |
| Mælingar | • Notað viðeigandi mælieiningar og skipt út einni mælieiningu í aðra.<br>• Áætlað, mælt og reiknað ummál þríhyrninga<br>• Áætlað, mælt og reiknað ummál ferhyrninga<br>• Áætlað, mælt og reiknað flatarmál þríhyrninga<br>• Áætlað, mælt og reiknað flatarmál ferhyrninga<br>• Notað mælitæki til að reikna út stærðir og til að stækka og minnka myndir.<br>• Tjáð sig skriflega um hugtök, reglur og reikniaðferðir. | Stika 1b:<br>Nemendabók og æfingahefti<br>Ýmis mælitæki. | Einstaklingsvinna.<br>Hópavinna.<br>Verkefnavinna.<br>Hugtakavinna.<br>Tilraun. | Paraverkefni þar sem nemendur vinna verklega rannsókn og skila skýrslu.<br>Sjálfsmat. |
| Margföldun og deiling. | • Þekkt tengsl margföldunar og deilingar.<br>• Margfaldað með tveggja stafa tölu. | Stika 1b: | Einstaklingsvinna.<br>Verkefnavinna. | Yfirlitspróf.<br>Margföldunarkönnun. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | • Deilt með tveggja stafa tölu (10,100).<br>• Farið með margföldunartöflurnar 0x, 1x, 2x, 5x og 10x utanbókar.<br>• Farið með margföldunartöfluna 3x utanbókar.<br>• Farið með margföldunartöfluna 4x utanbókar.<br>• Farið með margföldunartöfluna 6x utanbókar.<br>• Farið með margföldunartöfluna 7x utanbókar.<br>• Farið með margföldunartöfluna 8x utanbókar.<br>• Farið með margföldunartöfluna 9x utanbókar. | Nemendabók og æfingahefti.<br>Vasareiknir.<br>Töflureikni. | Hugtakavinna | |
| Algebra | • Kannað, lýst og ályktað út frá einföldum talnamynstrum.<br>• Útbúið mynstur með því að hliðra eða snúa formi eða mynd. | Stika 1b:<br>Nemendabók og æfingahefti. | Einstaklingsvinna.<br>Paravinna.<br>Verkefnavinna. | Paraverkefni þar sem nemendur leysa allskonar þrautir.<br>Sjálfsmat.<br>Yfirlitspróf. |
| Verklag | • Haldið utan um eigið nám og námsgögn, sýnt útreikninga og leiðrétt.<br>• Tjáð sig munnlega um hugtök, reglur og reikniaðgerðir.<br>• Tjáð sig skriflega um hugtök, reglur og reikniaðgerðir.<br>• Tjáð sig myndrænt um hugtök, reglur og reikniaðferðir.<br>• Leyst verkefni þar sem afla þarf upplýsinga, fundið lausnir og sett fram niðurstöður á skýran og skipulegan hátt.<br>• Nýtt fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt. | Stika 1a og 1b:<br>Nemendabók og æfingahefti<br>Ýmis hjálpargögn.<br>Ýmis efni frá kennara. | Einstaklingsvinna.<br>Hópavinna.<br>Verkefnavinna.<br>Hugtakavinna. | Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið.<br>Lokamat fer fram að vori. |

Bekkur: 5. bekkur
Kennari: Ari Lár Valsson, Elínborg Herbertsdóttir, Marteinn Einarsson
Nemendur: 42
Tímafjöldi: 1

## Upplýsinga – og tæknimennt

| Lota | Skólaviðmið | Námsefni | Námsleiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| Vinnulag og vinnubrögð | Nemandi getur:<br>• Nýtt upplýsingaver sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum.<br>• Nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám.<br>• Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum.<br>• Nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt.<br>• Beitt réttri fingrasetningu. | Námsvefir<br>Google Earth<br>Gsuite<br>Fingrasetning:<br>• Vélritunaræfingar1 | Bein kennsla<br>Verkefnavinna<br>Einstaklingsvinna<br>Hópavinna | Lokamat fer fram að vori.<br>Vélritunarpróf í janúar og maí. Viðmið við lok 6. bekkjar er 120 slög á mínútu |
| Upplýsingaöflun og úrvinnsla | • Nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélar við markvissa öflun upplýsinga við hæfi.<br>• Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt.<br>• Verið gagnrýninn á gæði ýmissa upplýsinga.<br>• Unnið með heimildir og sett fram einfalda heimildaskrá.<br>• Nýtt hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða. | Leit á netinu<br>Námsvefir<br>Google Earth<br>Google skjöl<br>Google töflureiknir<br>Google glærur | Bein kennsla<br>Verkefnavinna<br>Einstaklingsvinna<br>Hópavinna | Lokamat fer fram að vori. |
| Tækni og búnaður | • Nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna.<br>• Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu. | Google skjöl<br>Google töflureiknir<br>Google glærur | Bein kennsla<br>Verkefnavinna<br>Einstaklingsvinna<br>Hópavinna | Lokamat fer fram að vori. |
| Sköpun og miðlun | • Rætt og útskýrt á gagnrýninn hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi.<br>• Nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt. | Google glærur<br>Google Earth<br>Pivot Stickfigure | | Lokamat fer fram að vori. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Siðferði og öryggismál | • Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og við heimildavinnu.<br>• Farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á netmiðlum. | SAFT<br>Örugg netnotkun | Nemandi lærir um tölvuöryggi og ábyrga netnotkun. | |

Bekkur: 5. bekkur
Kennari: Íris Dögg Steindóttir
Nemendur: 42
Tímafjöldi: 2 stundir á viku í hálfan vetur

## Verkgreinar – Heimilisfræði

| Lota | Skólaviðmið | Námsefni | Námsleiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| Lykilhæfni | • Gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi<br>• Tekið leiðsögn á jákvæðan hátt | | | Lykilhæfni er metin jafn og þétt í kennslustundum |
| Heimilisfræði og<br>Menningarlæsi | • Tjáð sig með aðalatriði næringarfræðinnar.<br>• Unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli og eldhúsáhöld.<br>• Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi<br>• Tjáð sig um ólíka siði og venjur og þjóðlegar hefðir í matargerð.<br>• Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði. | Gott og gagnlegt 1<br>Heilsuvera.is<br>Eplakaka m/ís, upprifjun á uppþvotti, hreinlæti og umgengisreglur.<br>Grænmetisfat m/ ítölsku ívafi.<br>Gulrótarbollur, taka til í herberginu verkefni.<br>Haustsúpa<br>Lummur.<br>Hnútar.<br>Eggjakaka í ofni, eldhúsáhöldin.<br>Fjallabrauð. | Verkleg kennsla.<br>Sýnikennsla.<br>Samræður.<br>Hópavinna. | Nemendur vinna hópaverkefni um þorramat Íslendinga.<br>Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt í kennslustund. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | Skóburstun, ullarþvottur, popp og djús.<br>Litlar veislupizzur, Næringarefnin bls 7<br>Verð á samloku bls 12 | | |

Bekkur: 5. bekkur
Kennari: Erla Dröfn Vilbergsdóttir
Nemendur: 42
Tímafjöldi: 2 stundir á viku í hálfan vetur

## Verkgreinar - Textílmennt

| **Lota** | **Skólaviðmið** | **Námsefni** | **Námsleiðir** | **Námsmat** |
|---|---|---|---|---|
| Lota 1 | • Beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar.<br>• Unnið með einföld snið og uppskriftir.<br>• Þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli.<br>• Notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla.<br>• Útskýrt hagnýtt og fagurfræðilegt gildi handverks og fjallað um fagurfræði í eigin verkum.<br>• Fjallað um efnisfræði.<br>• Gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum.<br>• Unnið úr fjölbreyttum textílefnum.<br>• Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.<br>• Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.<br>• Gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans. | Uppskriftir.<br>Áhöld greinarinnar.<br>Textílefni.<br>Kennslubækur.<br>Saumavél.<br>Uppskriftir og snið. | Innlagnir.<br>Sýnikennsla.<br>Einstaklingskennsla.<br>Verkefnavinna. | Leiðsagnarmat jafnt og þétt í kennslustundum.<br>Einstaklingsverkefni þar sem unnið er með krosssaum og í saumavél<br><br>Nemendur útbúa stjörnumerki og púða.<br><br>Kynning og leiðsögn í prjóni |
| Lykilhæfni | • Vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur og tekið þátt í mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.<br>• Tekið leiðsögn á jákvæðan hátt. | | | Lykilhæfni er metin jafnt og þétt í kennslustundum |

Bekkur: 5. bekkur
Kennari: Jana M. Guðmundsdóttir
Nemendur: 42
Tímafjöldi: 2 stundir á viku í hálfan vetur.

## Verkgreinar - Hönnun og smíði

| Lota | Skólaviðmið | Námsefni | Námsleiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| Rafmagns-teningur | ❖ Útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað.<br>❖ Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu.<br>❖ Lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð.<br>❖ Valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum.<br>❖ Hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virkniþættir eru að verki í ýmsum hlutum.<br>❖ Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki. | Efni frá kennara. | Stuttar innlagnir fyrir hóp eða einstakling.<br>Sýnikennsla.<br>Einstaklingsvinna.<br>Verkefnavinna. | Einstaklingsverkefni.<br>Leiðsögn fer fram jafnt og þétt í kennslustund. |
| Menningarlæsi | ❖ Beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir.<br>❖ Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði. | | | |
| Lykilhæfni | ❖ Gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það. | | | |